



Fundargerð

1462. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
11. apríl 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Regína F. Guðmundsdóttir staðgengill bæjarstjóra, Gunnar Felix Rúnarsson áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Ársreikningur Reykjaneshæjar 2023 (2024040127)

Regína F. Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds mættu á fundinn.

Lögð fram drög að ársreikningi Reykjaneshæjar 2023.

Bæjarráð vísar ársreikningi í endurskoðun og til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

2. Leikskólinn Drekaðalur (2022100203)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn og fóru yfir stöðu á framkvæmdum við leikskólann.

Bæjarráð felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Hreini Á. Kristinssyni deildarstjóri eignaumsýslu að vinna áfram í málinu ásamt Erlu Bjarný Gunnarsdóttur lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs.

3. Samþykkt um bílastæðasjóð Reykjaneshæjar (2022100414)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur mættu á fundinn.

Lögð fram drög að samþykkt um Bílastæðasjóð Reykjaneshæjar.

Bæjarráð vísar samþykkt um Bílastæðasjóð Reykjaneshæjar til fyrri umræðu í bæjarstjórn 16. apríl 2023.

4. Fráveitusamþykkt Reykjaneshæjar (2024030272)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur og Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála mættu á fundinn.

Bæjarráð vísar fráveitusamþykkt Reykjanesbæjar til fyrri umræðu í bæjarstjórn 16. apríl 2023.

5. Húsnæðismál Júðófélags Reykjanesbæjar (2024040047)

Lagt fram erindi frá Júðófélagi Reykjanesbæjar.

Bæjarráð felur Hafþóri B. Birgissyni íþróttá- og tómsfundafulltrúa að vinna áfram í málinu.

6. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Kellsnes ehf., Hafnargata 18 (2024020196)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til að reka veitingastað í flokki II-A. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

7. Fundargerðir stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 4. maí, 28. september og 23. nóvember 2023 (2023030426)

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja.

8. Fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 19. mars 2024 (2024040048)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50